

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/178

2016/EES/44/30

frá 10. febrúar 2016

um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar að taka tiltekin bragðefni af skrá Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÖRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 11. gr. og 3. mgr. 25. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ⁽²⁾, einkum 4. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er sett fram skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni sem samþykkt eru til notkunar í og á matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 ⁽³⁾ var samþykkt skrá yfir bragðefni og var sú skrá færð inn í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008.
- 3) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annað hvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.
- 4) Skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni inniheldur nokkur efni sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu hefur ekki lokið við að meta eða hefur farið fram á að frekari vísindagögn verði lögð fram fyrir með það að markmiði að ljúka matinu. Að því er varðar fjögur þessara efna, þ.e. vetiveról (FL-númer 02.214), vetiverýlasetat (FL-númer 09.821), 2-asetýl-1,4,5,6-tetrahyðrópýridín (FL-númer 14.079) og 2-própiónýlpýrrólín, 1% í jurtaolíuþriglýseríðum (FL-númer 14.168), hafa aðilarnir, sem bera ábyrgð á að setja þessi bragðefni á markað, nú dregið umsóknina til baka. Af þeim sökum ætti að fjarlægja þessi bragðefni af skrá Sambandsins.
- 5) Að því er varðar efnið metýl-2-merkaptóprópiónat (FL-númer 12.266) hefur aðilinn, sem ber ábyrgð á að setja það á markað, gefið til kynna að hann styðji ekki lengur notkun þess. Af þeim sökum ætti að fjarlægja þetta bragðefni af skrá Sambandsins.
- 6) Því ætti að breyta A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 til samræmis við það.
- 7) Í 1. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 873/2012 ⁽⁴⁾ var mælt fyrir um umbreytingarráðstafanir vegna matvæla, sem innihalda bragðefni, sem voru sett löglega á markað eða merkt fyrir 22. október 2014 til að tryggja snurðulausa umbreytingu á markaði. Kveða ætti á um viðbótarumbreytingartímabil fyrir matvæli sem innihalda þessi fimm efni til að gera stjórnendum matvælafyrirtækja kleift að aðlagast kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 35, 11.2.2016, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB (Stjtið. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1).

⁽⁴⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 873/2012 frá 1. október 2012 um umbreytingarráðstafanir varðandi skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 (Stjtið. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 162).

- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Matvæli sem innihalda bragðefnin vetiveról (FL-númer 02.214), vetiverýlasetat (FL-númer 09.821), metýl-2-merkaptó-própiónat (FL-númer 12.266), 2-asetýl-1,4,5,6-tetrahydrópýridín (FL-númer 14.079) og 2-própiónýlpýrrólín, 1% í jurta-olíuþríglýseríðum (FL-númer 14.168), sem eru sett löglega á markað eða merkt innan sex mánaða frá gildistökudegi þessarar reglugerðar en uppfylla ekki kröfurnar í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008, má setja á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða síðasta notkunardags.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 falli eftirfarandi færslur brotti:

„02.214	Vetiveröl	89-88-3	1866	10321	2	EFSA
09.821	Vetiverýlasetat	117-98-6	1867	11887	2	EFSA
12.266	Metyl-2-merkaptóprópíónat	53907-46-3				EFSA
14.079	2-asetýl-1,4,5,6-tetrahydrópýridín	27300-27-2			2	EFSA
14.168	2-própíónýlpýrrólín, 1% í jurtaoljuþriglýsertöum	133447-37-7	1605		2	EFSA ⁴